# Undirbúningur fyrir ritgerð



Góð ritgerð stendur og fellur með undirbúningnum. Fyrst skrifar þú hugmyndalista (hugstormun) þar sem þú setur á blað allt sem mögulega gæti tengst efninu. Síðan setur þú niður nokkrar vörður sem eiga að varða leið þína að niðurstöðu (sjá vinstri dálk). Þá ertu komin/-n með grunn að efnisgrind. Loks bætir þú nánari efnisútlistun við vörðurnar (hægri dálkur) og ert þá komin/-n með efnisgrind. Þá fyrst hefjast hin eiginlegu ritgerðarskrif.

| **Vörður** | **Efnisgrind** |
|---|---|
| 1. **Inngangur**<br>A. Krækja<br><br>B. Almennar upplýsingar<br><br><br>C. Efnisyrðing/-yfirlýsing: Á að leggja niður fegurðarsamkeppnir? | 1. **Inngangur**<br>A. Krækja: Hverjum er illa við fegurð?<br>B. Almennar upplýsingar:<br>- Fegurð af ýmsu tagi gefur lífinu gildi.<br>- Stúlkur keppa sín á milli í fegurð.<br>- Margir fordæma slíka keppni.<br>- Aðrir mæra þær.<br>C. Efnisyfirlýsing: Á að leggja niður fegurðarsamkeppnir? |
| 2. **Meginmál**<br>A. Rök/mótrök #1: **Félagsskapurinn** | 2. **Meginmál**<br>A. Rök/mótrök #1: **Félagsskapurinn**<br>*- Eignast nýja vini og kunningja*<br>*- Yfirborðskennd vinátta*<br>*- Ekki endingargóð vinátta*<br>*- Samkeppni eflir sjaldnast vináttu*<br>*- Öfund*<br>*- Tap vont fyrir sjálfsmyndina* |
| B. Rök/mótrök #2: **Heilbrigt líferni** | B. Rök/mótrök #2: **Heilbrigt líferni**<br>*- Verða meðvitaðar um heilbrigt líferni*<br>*- Líkamsrækt, snyrting, framkoma*<br>*- Heilbrigð sál í hraustum líkama?*<br>*- Of grannar*<br>*- Útlitsdýrkun*<br>*- Náttúruleg fegurð?*<br>*- Útlitsbinding í tiltekinn tíma* |
| C. Rök/mótrök #3: **Kvenímyndin** | C. Rök/mótrök #3: **Kvenímyndin**<br>*- Stöðluð fegurð/útlit*<br>*- Ekki öll fegurð í andliti fólgin.*<br>*- Slæm fyrirmynd fyrir börn*<br>*- Kroppasýning*<br>*- Niðrandi fyrir konur*<br>*- Áhrif klámvæðingar*<br>*- Útlit eða andlegt atgervi?*<br>*- Lífsleikni*<br>*- Menntun*<br>*- Framtíðarmöguleikar* |
| 3. **Lokaorð/niðurstaða**<br>Fegurðarsamkeppnir eru tímaskekkja | 3. **Lokaorð/niðurstaða**<br>*Fegurðarsamkeppnir eru tímaskekkja og ber að leggja niður.* |